

Ed.

78. Nefndarálit

[6. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 41 26. okt. 1917, um breyt. á l. nr. 30 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Frá allsherjarnefnd.

Með lögum nr. 30 20. okt. 1913 var hreppstjórum, hverjum í sínum hreppi, falið umboð með þjóðjörðum. Þessu var þó aftur breytt og teknir upp sérstakir umboðsmenn í hinum gömlu Múlasýslna- og Arnarstapaumboðum.

Þegar umboðsmaður Múlasýslnaumboðs lézt, var það umboð lagt niður með lögum nr. 6 23. febr. 1949, og féll þá umboð jarðanna aftur til hreppstjóra.

Árið 1950 sagði umboðsmaður Arnarstapaumboðs, Ólafur Bjarnason, umboðsstarfi sínu lausu, og er nefndin á einu máli um það, að þá sé réttara, að hreppstjórar, hver í sínum hreppi, taki umboð jarðanna til sín eftir lögunum frá 1913, en að skipaður sé nýr umboðsmaður fyrir allt umboðið. Nefndin mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Einn nefndarmaður (GÍG) var fjarstaddur.

Alþingi, 14. okt. 1952.

Rannveig Þorsteinsdóttir,
form.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.
Steingr. Aðalsteinsson.

Páll Zóphóniasson,
frsm.